# ÁRSSKÝRSLA 2025





# EFNISYFIRLIT


1 Formáli
2 Stjórn FSÍ
3 Skrifstofa FSÍ
4 Takk Icelandair
5 Nýjir samstarfsaðilar
6 Sagan skrifuð í Jakarta
7 Hildur Maja með söguleg verðlaun í Tashkent
8 Tvö á topp 10 lista íþróttafréttamanna
9 Fjórir úr fimleikunum á launaskrá AMÍ
9 Thelma á styrk hjá Ólympíusamhjálpinni
10 Kári Pálmason Norðurlandameistari unglinga
11 Íslenskt fagfólk í fremstu röð
12 Fimleikahringurinn 2025
15 Fræðsludagur, þjálfara- og dómaranámskeið
16 Innlend mót
22 Erlend verkefni
26 Útdráttur úr skýrslum landsliðsþjálfara
28 Uppskeruhátíð
35 Nefndir FSÍ
36 Skýrslur tækninefnda
37 Þakkir
38 Takk Sólveig
39 Ársreikningur samstæðu 2025



# TAKK FYRIR STUÐNINGINN

zone

ICELANDAIR

TURN GYMNASTICS

Lottó

BÍLALEIGA AKUREYRAR Höldur Europcar

66° NORTH

CRAFT

# FORMÁLI



Kæri fimleikaheimur

Enn eitt árið fögnum við gríðarlega góðu gengi á yfirstandandi fimleikaári með sögulegum árangri og það sem ég vil leyfa mér að segja að sé besta ár okkar á alþjóðlegum vettvangi. Slíkur árangur kemur ekki af sjálfu sér heldur byggir hann á þrotlausri vinnu allra í hreyfingunni. Við höfum byggt upp gríðarlega öflugt og metnaðarfullt fræðslustarf sem skilar sér í markvissri og faglegri þjálfun til okkar iðkenda. Við erum svo lánsöm að vera eftirsótt íþróttagrein, þar sem helsta umkvörtunarefni okkar snýst oft um skort á stærra húsnæði til fimleikaiðkunar. Við höldum enn áfram að bíða spennt eftir okkar þjóðarhöll, sem mun létta mikið af okkar fimleikafélögum sem hafa verið dugleg að lána húsnæði sitt til iðkunar fyrir landsliðin okkar, en slíkt er svo sannarlega ekki sjálfgefið og vil ég þakka ykkur sérstaklega fyrir þá samvinnu.

Við miðum oft góðan árangur fimleika við árangur á innlendum og erlendum vettvangi. Ekkert afreksstarf verður þó til án þess að góður grunnur sé byggður upp fyrst og er einn af stólpum fimleikafélaganna öflugir krílatímar þar sem framtíð fimleikafólks fær að kynnast fimleikasalnum í fyrsta sinn og allt það sem fimleikar bjóða upp á. Það var því ánægjulegt að val okkar á þjálfara ársins 2025 var Gylfi þjálfari krílahópa hjá Gerplu sem var vel að því vali kominn.

En snúum okkur aftur að afrekum ársins sem voru sannarlega mikil og mörg og engan veginn hægt að gera þeim öllum skil í þessum stutta pistli. Byrjum á áhaldafimleikum. Kári Pálmason varð norðurlandameistari unglinga í fjölþraut í spennandi keppni í Álaborg í Danmörku. Hildur Maja Guðmundsdóttir náði þeim tímamóta árangri að verða fyrst íslenskra kvenna til að vinna til verðlauna á heimsbikarmóti en síðast en alls ekki síst náði Dagur Kári Ólafsson að verða fyrsti Íslendingurinn til að keppa til fjölþrautarúrslita á HM. Þvílíkur árangur hjá okkar fólki. Hildur Maja og Dagur Kári voru síðan tilnefnd sem fimleikafólk ársins og komust einnig bæði inn á lista tíu efstu í kjöri íþróttafréttamanna á íþróttamanni ársins. Thelma Aðalsteinsdóttir varði Íslandsmeistaratitil sinn í fjölþraut og Ágúst Ingi Davíðsson náði að verða Íslandsmeistari í fjölþraut.

Kvennalið Stjörnunnar í hópfimleikum náði 2. sæti á norðurlandamóti í Finnlandi í október en hafði á árinu 2025 einnig náð að verja Íslandsmeistara- og bikarmeistaratitil sinn. Fimm flott lið kepptu fyrir hönd Íslands á Norðurlandamótinu í haust.

Að lokum vil ég nefna að eftir 10 ára starf sem framkvæmdastjóri FSÍ ákvað Sólveig Jónsdóttir að segja starfi sínu lausu og færði sig yfir í handknattleikinn þar sem hún tók við stöðu framkvæmdastjóra. Ég þakka henni sérstaklega fyrir það mikla og góða starf sem hún hefur skilað fimleikum en uppbygging greinarinnar hefur orðið gríðarleg á hennar vakt. Við starfi hennar tók Eva Hrund Gunnarsdóttir, sem er fimleikunum vel kunn, en hún starfaði á skrifstofu FSÍ 2019-2023, meðal annars sem fjármálastjóri. Hún tekur við góðu búi og mun halda áfram að vinna að uppbyggingu og framgangi fimleika.

Áfram við og áfram íslenskir fimleikar!
**Sigurbjörg Fjölnisdóttir, formaður FSÍ**

# STJÓRN FSÍ 2025-2026

**Sigurbjörg Fjölnisdóttir**
Formaður

**Halldóra Guðvarðardóttir**
Varaformaður

**Axel Þór Eysteinsson**
Varamaður til október 2025 og svo meðstjórnandi

**Magnús H. Jónasson**
Meðstjórnandi

**Marta Sigurjónsdóttir**
Meðstjórnandi til október 2025

**Þórdís Björk Sigurbjörnsdóttir**
Meðstjórnandi

**Berglind Ernudóttir**
Ritari

**Ása Inga Þorsteinsdóttir**
Meðstjórnandi til janúar 2026

**Dýri Kristjánsson**
Varamaður til nóvember 2025



# SKRIFSTOFA FSÍ 2025



**Sólveig Jónsdóttir**
Framkvæmdastjóri



**Edda Dögg Ingibergsdóttir**
Rekstrar- og mannauðsstjóri



**Helga Svana Ólafsdóttir**
Fræðslustjóri
Mótastjóri hópfimleika



**Ingunn Jónasdóttir**
Fjármálastjóri
Afreksstjóri hópfimleika



**Þorgeir Ívarsson**
Landsliðsþjálfari



**Þórey Kristinsdóttir**
Afreksstjóri
áhaldafimleika



**Róbert Kristmannsson**
Landsliðsþjálfari




## Fimleikasamband Íslands þakkar Icelandair fyrir stuðninginn á árinu 2025!




# NÝJIR SAMSTARFSAÐILAR

Á árinu gerðum við samstarfssamning við fimleikabolamerkin Ozone og Turn.
Bíðum við spennt eftir fyrstu hópfimleikbolum frá nýjum samstarfsaðilum okkar árið 2026, spennandi hönnunarverkefni í vændum. Fimleikasamband Íslands þakkar stuðninginn!

TURN GYMNASTICS

zone

# SAGAN SKRIFUÐ Í JAKARTA

Dagur Kári Ólafsson braut blað í sögu íslenskra fimleika á Heimsmeistaramótinu í áhaldafimleikum í Jakarta í Indónesíu. Eftir frábæra frammistöðu í undankeppninni tryggði hann sér sæti í fjölþrautarúrslitum og varð þar með fyrstur Íslendinga til að keppa til fjölþrautarúrslita á Heimsmeistaramóti í áhaldafimleikum. Dagur Kári hafnaði í 24. sæti í undankeppninni og skrifaði nafn sitt þar með í sögubækurnar.

Árangur Dags Kára er tímamótaárangur fyrir íslenska fimleika og staðfesting á þeirri miklu vinnu sem hefur verið lögð í uppbyggingu áhaldafimleika karla undanfarin ár. Hann sýndi að íslenskt fimleikafólk á fullt erindi á stærsta svið heims og að framtíðin í greininni er björt.




„Það eru fá orð sem fá lýst hversu stolt ég er af fólkinu okkar öllu. Teymið á bak við þennan árangur og vinnan sem þau hafa lagt í verkefnið er ómæld og unnin af sannri ástríðu. Nú er uppskera og það eru forréttindi að fá að fylgjast með þeim ná markmiðum sínum. Þessi árangur er ekki aðeins vitnisburður um fagleg vinnubrögð og elju, heldur líka um samstöðu og ástríðu sem einkennir fólkið okkar. Gleðin heldur svo áfram á morgun þegar við hvetjum konurnar okkar til dáða. Áfram íslenskir fimleikar“

**– Sólveig Jónsdóttir, framkvæmdastjóri Fimleikasambands Íslands**



# HILDUR MAJA MEÐ SÖGULEG VERÐLAUN Í TASHKENT

Hildur Maja Guðmundsdóttir skrifaði nafn sitt í sögu íslenskra fimleika á heimsbikarmótinu í áhaldafimleikum í Tashkent, Úsbekistan. Hildur Maja lét heldur betur til sín taka á mótinu og tryggði sér sæti í úrslitum á tveimur áhöldum, tvíslá og gólfi. Hún hafnaði í 8. sæti á tvíslá, en það var á gólfinu sem stóra stundin rann upp. Þar sýndi Hildur Maja frábæra æfingu, hækkaði sig frá undankeppninni og hlaut 12.250 stig sem skilaði henni silfurverðlaunum.

Með árangrinum varð Hildur Maja fyrst íslenskra kvenna til að vinna til verðlauna á heimsbikarmóti í áhaldafimleikum. Þetta er tímamótaárangur fyrir íslenska áhaldafimleika og staðfesting á þeirri sterku stöðu sem Hildur Maja hefur byggt upp á alþjóðlegum vettvangi síðustu ár.



Mynd: ÍSÍ/Arnaldur Halldórsson

# TVÖ Á TOPP 10 LISTA ÍÞRÓTTAFRÉTTAMANNA!

Árangur þeirra Dags Kára Ólafssonar og Hildar Maju Guðmundsdóttur vakti athygli hjá samtökum íþróttafréttamanna en bæði tvö komust á topp 10 lista yfir Íþróttamann ársins 2025.

Eygló Fanndal Sturludóttir, lyftingarkona sigraði örugglega en Dagur Kári hafnaði í 4. sætinu með 143 stig og Hildur Maja í því 9.  með 59 stig.

27 ár eru síðan **tvö úr fimleikum** komust á listann, eða árið 1998 þegar Rúnar Alexandersson og Elva Rut Jónsdóttir náðu þeim frábæra árangri. Það var fyrir tíð Hildar og Dags en þau eru aðeins 20 og 22 ára gömul.

Magnús Scheving vann árið 1995 (þolfimi), Kolbrún Þöll Þorradóttir varð önnur árið 2021 og þau Rúnar Alexandersson (2004) og Írist Mist Magnúsdóttir (2010) voru í 3. sæti. Oftast hefur Rúnar komist á listann úr fimleikunum, en hann hefur komist á topp 10 listann alls 5 sinnum, árin 1998, 1999, 2000, 2002 og 2004.

# FJÓRIR ÚR FIMLEIKUNUM Á LAUNASKRÁ AMÍ

Launasjóður íþróttamanna var kynntur á blaðamannafundi í desember, þar sem afreksíþróttafólk, sérsambönd og leiðtogar úr íþróttahreyfingunni komu saman og fögnuðu þessum áfanga. Risastórt skref í rétta átt en Í fyrsta sinn fær afreksíþróttafólk fá laun fyrir vinnu sína sem íþróttafólk.

Þau Dagur Kári Ólafsson, Valgarð Reinhardsson, Hildur Maja Guðmundsdóttir og Thelma Aðalsteinsdóttir munu hljóta laun úr launasjóðnum. Fimleikasambandið afar er stolt af sínu fólki sem hefur lagt allt sitt af mörkum til þess að komast á þennan stað.

Fimleikasamband þakkar Afreksmiðstöð Íslands, ÍSÍ, afreksíþróttafólki fortíðar og öllum þeim sem hafa komið að þessu gífulega mikilvæga verkefni fyrir sitt framlag og vinnuna sem þau hafa lagt í verkefnið til þess að gera það að veruleika.

# THELMA Á STYRK HJÁ ÓLYMPÍUSAMHJÁLPINNI

Í september voru undirritaðir styrktarsamingar vegna einstaklingsstyrkja frá Ólympíusamhjálpinni fyrir Ólympíuleikana í Los Angeles árið 2028.

Við erum ákaflega stolt af því að á lista styrkhafa er okkar kona Thelma Aðalsteinsdóttir, afreksíþróttakona úr Gerplu. Níu íþróttamenn frá sjö sérsamböndum ÍSÍ fá styrk frá Ólympíusamhjálpinni að þessu sinni og er um að ræða mánaðarlegan styrk fyrir hvern styrkþega vegna kostnaðar sem til fellur vegna æfinga og keppni. Tveir íþróttamenn af þessum níu fá 1350 dollara á hverjum mánuði, Snæfríður Sól Jórunnardóttir sundkona og Eygló Fanndal Sturludóttir lyftingakona. Hin sjö fá 900 dollara á mánuði í styrk. Styrktímabil hófst þann 1. september 2025 og stendur fram að leikum, nái styrkþegi að tryggja sér þátttökurétt.






# KÁRI PÁLMASON NORÐURLANDAMEISTARI UNGLINGA

Kári Pálmason kom sá og sigraði fjölþrautarkeppnina á Norðurlandamóti unglinga í áhaldafimleikum í maí, eftir magnaðan dag þar sem allt gekk upp, þá stóð hann uppi sem Norðurlandameistari unglinga.

Að auki tryggði Kári sér sæti í úrslitum á öllum áhöldum nema hringjum og fór heim með tvö gull til viðbótar, þegar hann sigraði á tvíslá og svifrá.

Rakel Sara Pétursdóttir sigraði örugglega á stökkinu og Sigurrós Ásta Þórisdóttir sýndi glæsilegar gólfæfingar og fór heim með gull um hálsinn, þrír norðurlandameistarar unglinga í hús, ásamt silfri á stökki hjá Sóloni Sverrissyni.



# ÍSLENSKT FAGFÓLK Í FREMSTU RÖÐ

Árangur íslenskra fimleika á árinu sást ekki eingöngu hjá keppendum á mótum erlendis heldur einnig hjá okkar öfluga fagfólki. Björn Magnús Tómasson, einn af fremstu dómurum Íslands í áhaldafimleikum karla, fékk boð frá kínverska fimleikasambandinu um að dæma kínverska meistaramótið í áhaldafimleikum. Þar sinnti hann dómgæslu á hringjum og var verkefnið mikil viðurkenning á hans störfum og stöðu sem alþjóðlegur dómari.

Það voru einnig gleðitíðindi þegar Bergþóra Kristín Ingvarsdóttir var kjörin í tækninefnd hópfimleika hjá Evrópska fimleikasambandinu, EG. Bergþóra bauð sig fram í nefndina og flaug inn með fullt hús stiga. Kosningin er mikill heiður fyrir íslenska fimleika og sýnir vel hversu sterka stöðu Ísland hefur skapað sér innan alþjóðlegu fimleikahreyfingarinnar. Hlíf Þorgeirsdóttir hlaut að auki heiðrusverðlaun EG á þinginu.

Þessi árangur Björns, Bergþóru og Hlífar minnir á að það er ekki aðeins fimleikafólkið okkar sem er að vekja athygli á alþjóðavettvangi. Íslenskir dómarar, þjálfarar og nefndarfólk eru einnig að ryðja brautina, skapa traust og styrkja rödd Íslands í alþjóðlegu fimleikasamfélagi.






# FIMLEIKAHRINGURINN 2025

Fimleikahringurinn lagði af stað í júlí með sýningu í Blue-höllinni í Keflavík. Fjöldi landsliðsfólks úr hópfimleikum tók þátt í Fimleikahringnum 2025, sem var með hefðbundnu sniði þar sem lagt var upp í sex sýningar víðs vegar um landið. Auk Keflavíkur sýndi hópurinn á Selfossi, Egilsstöðum, Akureyri, Akranesi og að lokum í Garðabæ. Að sýningum loknum var börnum og unglingum af öllum kynjum boðið að taka þátt í æfingu undir handleiðslu hópfimleikalandsliða Íslands. Fjölmennt var á öllum sýningunum og þátttaka á æfingunum góð.

Verkefnastjórar voru þeir Stefán Ísak Stefánsson, Helgi Laxdal Aðalgeirsson og Jón Sigurður Gunnarsson.

Markmið verkefnisins er, eftir sem áður, að kynna íþróttina fyrir Íslendingum um allt land. Jafnframt er lögð sérstök áhersla á að hvetja fleiri stráka til þátttöku í fimleikum, þar sem þeir hafa verið í minnihluta iðkenda. Umfram allt er markmiðið þó að allir fái að njóta sín á eigin forsendum, óháð kyni, enda eru fimleikar fyrir alla.















FIMLEIKA
2025
HRINGURINN




FIMLEIKA
2025
HRINGURINN




RIVERS
RESTA








RIVERSIDE
RESTAURANT
HOTEL
SELFOSS


VIÐ ERUM ÖLL FSÍ
VAXA - EFLA - MARKA - LEIÐA - AFREKA

# FRÆÐSLUDAGUR OG ÞJÁLFARANÁMSKEIÐ

Fræðsludagur Fimleiksambandsins er orðinn fastur liður hjá okkur á haustin. Mikil ánægja var með fyrirlestrana í ár og vonandi eitthvað sem þjálfarar geta nýtt sér í sinni þjálfun. Rúmlega 100 þjálfarar mættu í Háskólann í Reykjavík og hlustuðu á þrjá fyrirlestra sem voru:

- Tíðahringurinn og íþróttir - Dr. Katrín Ýr Friðgeirsdóttir
- Næring - Agnes Þóra Árnadóttir
- Að takast á við mótlæti - Hrund Þrándardóttir

Eins og undanfarin ár var einnig hægt að hlusta á fyrirlestrana í Canvas bæði á ensku og íslensku en um það bil 200 þjálfarar nýttu sér það.
Þjálfaranámskeið voru haldin í Reykjavík, Akureyri, Egilsstöðum og Vestmannaeyjum. Auk þess voru móttökunámskeið og námskeið fyrir starfsfólk leikskólahópa. Flest námskeiðin voru ágætlega sótt og almenn ánægja með kennslu og fyrirkomulag.

# DÓMARANÁMSKEIÐ

Allir dómarar í fimleikum þurfa að endurnýja réttindin sín á fjögurra ára fresti, eða þegar reglurnar eru endurskoðaðar eftir hverja Olympíuleika. Í ár þurftu dómarar í öllum greinum (áhaldafimleikar karla, kvenna og hópfimleikar) að endurnýja dómararéttindin sín auk þess sem nýjir dómarar bættust í hópinn.




15




# INNLEND MÓT

**_Árið 2025 voru haldin 22 innlend mót á vegum Fimleikasambandsins_**

Á mótum sambandsins voru 6.216 keppendur skráðir til keppni á árinu.

7.2% fjölgun keppenda á milli ára.

Vormót í hópfimleikum og stökkfimi yngri var fjölmennasta mót ársins en þar tóku 765 þátt.

**#fyririsland**
**#fimleikarfyriralla**
**#islenskirfimleikar**

# Fjöldatölur innlend mót 2025

| Dags. | Mót | | Afturelding | Ármann | Björk | KA | Fjölnir | Fylkir | Gerpla | Grótta | Hamar | Höttur | ÍA | ÍR | Keflavík | Rán | Selfoss | Sindri | Stjarnan | Þór | | Mótshaldari: |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1.feb | **Þrepamót 2** | *ÁH* | 0 | 14 | 34 | 14 | 29 | 15 | 51 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 13 | 0 | 0 | 0 | 34 | 0 | *204* | Fylkir |
| 7.feb | **GK mót í hópfimleikum og stökkfimi (yngri flokkar)** | *HÓP* | 100 | 44 | 6 | 0 | 37 | 0 | 78 | 35 | 0 | 27 | 79 | 0 | 49 | 0 | 76 | 17 | 98 | 11 | *657* | Gerpla |
| 15.feb | **Þrepamót 1. - 3. þrep** | *ÁH* | 0 | 18 | 24 | 9 | 16 | 8 | 34 | 19 | 0 | 0 | 0 | 0 | 4 | 0 | 0 | 0 | 12 | 0 | *144* | Ármann og Keflavík |
| 28.feb | **GK mót í hópfimleikum og stökkfimi (eldri flokkar)** | *HÓP* | 32 | 33 | 18 | 0 | 19 | 0 | 74 | 36 | 12 | 17 | 47 | 0 | 10 | 0 | 44 | 0 | 69 | 30 | *441* | Stjarnan |
| 28.feb | **Mótaröð 2 í hópfimleikum** | *HÓP* | 15 | 11 | 0 | 0 | 8 | 0 | 27 | 10 | 0 | 0 | 20 | 0 | 0 | 0 | 15 | 0 | 54 | 0 | *160* | Stjarnan |
| 21.mar | **Bikarmót í hópfimleikum og stökkfimi eldri** | *HÓP* | 48 | 43 | 16 | 26 | 36 | 0 | 95 | 39 | 0 | 46 | 64 | 0 | 19 | 26 | 67 | 0 | 117 | 0 | *642* | Fjölnir |
| 22.mar | **Bikarmót í áhaldafimleikum** | *ÁH* | 0 | 33 | 37 | 9 | 15 | 19 | 60 | 20 | 0 | 0 | 0 | 0 | 5 | 0 | 0 | 0 | 25 | 0 | *223* | Fjölnir |
| 5.apr | **Þrepamót 3 og Íslandsleikar Special ÓL** | *ÁH* | 0 | 9 | 43 | 15 | 31 | 11 | 56 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 7 | 0 | 0 | 0 | 24 | 0 | *196* | Björk |
| 11.apr | **Íslandsmót í hópfimleikum og stökkfimi** | *HÓP* | 35 | 39 | 8 | 30 | 29 | 0 | 88 | 37 | 0 | 38 | 57 | 0 | 28 | 24 | 66 | 0 | 123 | 9 | *611* | ÍA |
| 26.apr | **Íslandsmót í áhaldafimleikum** | *ÁH* | 0 | 21 | 15 | 5 | 7 | 9 | 46 | 4 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 13 | 0 | *121* | Ármann |
| 16.maí | **Vormót í hópfimleikum og stökkfimi yngri** | *HÓP* | 94 | 41 | 9 | 21 | 42 | 0 | 70 | 35 | 17 | 65 | 79 | 0 | 61 | 25 | 75 | 20 | 102 | 9 | *765* | Ármann |
| 17.maí | **Vormót í áhaldafimleikum** | *ÁH* | 0 | 17 | 12 | 0 | 1 | 2 | 35 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 10 | 0 | *79* | Gerpla |
| 23.maí | **Vormót í hópfimleikum og stökkfimi eldri** | *ÁH* | 33 | 0 | 18 | 19 | 11 | 0 | 71 | 32 | 10 | 44 | 43 | 0 | 8 | 6 | 45 | 0 | 69 | 25 | *434* | ÍA |
| 23.maí | **Mótaröð 3 í hópfimleikum** | *HÓP* | 18 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 31 | 12 | 0 | 0 | 20 | 0 | 0 | 0 | 17 | 0 | 50 | 0 | *148* | ÍA |
| 18.okt | **Haustmót í áhaldafimleikum og Haustleikar Special ÓL** | *ÁH* | 0 | 26 | 30 | 5 | 16 | 15 | 59 | 11 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 15 | 0 | *178* | Gerpla |
| 1.nóv | **Þrepamót 1** | *ÁH* | 0 | 0 | 10 | 10 | 20 | 2 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 10 | 0 | 0 | 0 | 17 | 0 | *69* | Fjölnir |
| 21.nóv | **Mótaröð 1 í hópfimleikum** | *HÓP* | 0 | 10 | 0 | 0 | 0 | 0 | 36 | 13 | 0 | 0 | 14 | 0 | 0 | 0 | 33 | 0 | 22 | 0 | *128* | Gerpla |
| 22.nóv | **Haustmót í hópfimleikum (yngri flokkar)** | *HÓP* | 60 | 25 | 7 | 10 | 32 | 0 | 48 | 36 | 0 | 42 | 44 | 0 | 54 | 8 | 41 | 11 | 77 | 0 | *495* | Selfoss |
| 28.nóv | **Haustmót í stökkfimi (eldri flokkar)** | *HÓP* | 6 | 22 | 8 | 7 | 0 | 0 | 14 | 0 | 0 | 19 | 7 | 0 | 0 | 7 | 13 | 6 | 0 | 0 | *109* | Selfoss |
| 28.nóv | **Haustmót í hópfimleikum (eldri flokkar)** | *HÓP* | 24 | 22 | 0 | 20 | 24 | 0 | 66 | 19 | 0 | 25 | 39 | 0 | 31 | 0 | 53 | 0 | 89 | 0 | *412* | Stjarnan |
| | **Samanlagt per félag:** | **20** | **465** | **428** | **295** | **200** | **373** | **81** | **1.039** | **359** | **39** | **323** | **513** | **0** | **302** | **96** | **545** | **54** | **1.020** | **84** | **6.216** | |
| | *Hlutfall per félag:* | | 7% | 7% | 5% | 3% | 6% | 1% | 17% | 6% | 1% | 5% | 8% | 0% | 5% | 2% | 9% | 1% | 16% | 1% | | |
| | | | 5 | 6 | 11 | 12 | 7 | 15 | 1 | 8 | 17 | 9 | 4 | 18 | 10 | 13 | 3 | 16 | 2 | 14 | | |
| | **HÓP** | ***11*** | **332** | **246** | **66** | **114** | **190** | **0** | **549** | **237** | **29** | **252** | **391** | **0** | **203** | **90** | **424** | **37** | **703** | **48** | **3.911** | |
| | *Hlutfall per félag:* | | 8% | 6% | 2% | 3% | 5% | 0% | 14% | 6% | 1% | 6% | 10% | 0% | 5% | 2% | 11% | 1% | 18% | 1% | | |
| | | | 5 | 7 | 13 | 11 | 10 | 17 | 2 | 8 | 16 | 6 | 4 | 17 | 9 | 12 | 3 | 15 | 1 | 14 | | |
| | **ÁH** | ***9*** | **33** | **106** | **165** | **63** | **101** | **58** | **327** | **68** | **10** | **44** | **43** | **0** | **33** | **6** | **45** | **0** | **173** | **25** | **1.300** | |
| | *Hlutfall per félag:* | | 3% | 8% | 13% | 5% | 8% | 4% | 25% | 5% | 1% | 3% | 3% | 0% | 3% | 0% | 3% | 0% | 13% | 2% | | |
| | | | 12 | 4 | 3 | 7 | 5 | 8 | 1 | 6 | 15 | 10 | 11 | 17 | 12 | 16 | 9 | 17 | 2 | 14 | | |

| | | |
|---|---|---|
| **Höfuðborgarsvæðið** | **4.060** | 65% |
| **Landsbyggðin** | **2.156** | 35% |



# ÍSLANDSMÓT 2025

## ÍSLANDSMÓT Í ÁHALDAFIMLEIKUM

**Thelma Aðalsteinsdóttir** úr Gerplu vann öruggan sigur í kvennaflokki á Íslandsmóti í áhaldafimleikum á árinu, fjórði Íslandsmeistaratitilinn í safnið. **Lilja Katrín Gunnarsdóttir**, Gerplu, hafnaði í 2. sæti og **Kristjana Ósk Ólafsdóttir**, Gerplu, í því þriðja. **Atli Snær Valgeirsson** kom sá og sigraði, hans fyrsti Íslandsmeistaratitill til þessa. **Valgarð Reinhardsson** þurfti að sætta sig við silfur og **Dagur Kári Ólafsson** í því þriðja, aðeins 0.350 stig skyldu fyrstu þrjú sætin að, allir úr Gerplu. Íslandsmótið var haldið hátíðlega í Ármanni, Laugardalnum.

### ÍSLANDSMEISTARAR UNGLINGA

#### *Unglingaflokkur karla*

1. sæti – Kári Pálmason, Gerplu
2. sæti – Sólon Sverrisson, KA
3. sæti – Rökkvi Kárason, Ármanni

#### *Unglingaflokkur kvenna*

1. sæti - Rakel Sara Pétursdóttir, Gerplu
2. sæti - Sigurrós Ásta Þórisdóttir, Stjarnan
3. sæti - Kolbrún Eva Hólmarsdóttir, Stjarnan








# ÍSLANDSMÓT 2025

## ÍSLANDSMÓT Í HÓPFIMLEIKUM

Íslandsmótið í hópfimleikum var haldið á Akranesi í apríl. **Stjarnan** tók öruggan þrefaldan sigur. **Gerpla** varð í 2. sæti og **Selfoss** í því þriðja í kvennaflokki. **ÍA** höfnuðu í 2. sæti í keppni blandaðra liða.

### ÍSLANDSMEISTARAR UNGLINGA

| *1.flokkur kvenna* | *1.flokkur blandaðra liða* |
|---|---|
| 1. sæti – Selfoss | 1. sæti - Afturelding |
| 2. sæti – Stjarnan | |
| 3. sæti – Fjölnir | |

# ÍSLANDSLEIKAR SPECIAL OLYMPICS

Íslandsleikar Special Olympics fóru fram í Fimleikafélaginu Björk í Hafnarfirði í apríl. Keppendur stóðu sig frábærlega og var það augljóst að þau hafa lagt hart að sér í undirbúningnum.

### Level 1 kk

1. Hilmir Sveinsson
2. Kristján Kári Daðason
3. Viktor Skúli Ólafsson

### Level 1 kvk

1. Bylgja Björt Axelsdóttir

### Level 2 kk

1. Birkir Eiðsson

### Level 2 kvk

1. Katrín Ling Yu Þórbergsdóttir
2. Elva Björg Gunnarsdóttir

### Level 3 kk

1. Davíð Þór Torfason

### Level B kk

1. Hringur Úlfarsson
2. Jóhann Fannar Kristjánsson
3. Kristófer Karl Kristinsson

### Level B kvk

1. Arna Ýr Jónsdóttir

### Level C kk

1. Jón Árni Örvarsson



# BIKARMÓTSVEISLA

Bikarmót í áhalda- og hópfimleikum fór fram samhliða í Fjölni, Egilshöll, dagana 21.–23. mars. Mótið var sannkölluð fimleikaveisla þar sem fremsta fimleikafólk landsins keppti um Bikarmeistaratitlana. Keppnin var hörð frá upphafi til enda og fór fram í báðum keppnissölum frá morgni til kvölds. RÚV sýndi frá frjálsum æfingum og meistaraflokki í beinni útsendingu.

## BIKARMÓT Í HÓPFIMLEIKUM

Í hópfimleikum sýndu lið Stjörnunnar glæsileg tilþrif og stóðu uppi sem sigurvegarar í kvenna-, karla- og blönduðum flokki. Í kvennakeppninni fylgdi lið Gerplu fast á eftir og hafnaði í öðru sæti, en lið Selfoss tók bronsið með frábærri frammistöðu. Áhorfendur fylltu stúkurnar og stemningin var rafmögnuð allan tímann.

## BIKARMÓT Í ÁHALDAFIMLEIKUM

Áhaldafimleikarnir buðu einnig upp á mikla spennu þar sem lið Gerplu 1 í karla- og kvennakeppni stóðu uppi sem Bikarmeistarar eftir frábæra keppni. Í kvennakeppninni hrepptu Stjörnukonur silfrið og lið Ármanns 1 bronsið. Í karlakeppninni hafnaði lið Bjarkar í öðru sæti og Gerpla 2 í því þriðja.

Mótið sýndi enn og aftur fram á gæði, breidd og metnað í íslenskum fimleikum.












# ERLEND VERKEFNI

Árið 2025 var viðburðaríkt og fjölbreytt í afreksstarfi sambandsins, landsliðsverkefnin voru mörg og kynntist landsliðsfólkið okkar mismunandi menningarheimum og fékk tækifæri til þess að bera fánann á öllum stærstu sviðunum.

Undirbúningstímabili í hópfimleikum er nú lokið og á næsta ári tekur við EM ár. Landsliðsfólk í áhaldafimleikum sótti sögulega sigra og það má segja að árið 2025 fari beint í sögubækurnar.










Norðurlandamótið **í hópfimleikum** fór fram í Espoo, Finnlandi 8. nóvember 2025.

Keppni hófst í **blönduðum flokki**. Ísland átti tvö lið þar að þessu sinni, **Afturí** eða samsett lið Aftureldingar og ÍA ásamt liði **Sjörnunnar.** ÍA/Afturelding endaði í 8. sæti með 45,300 stig og Stjarnan endaði í 6. sæti með 48,050 stig.

**Úrslit í keppni blandaðraliða voru eftirfarandi:**
1.Brommagymnasterna
2.EG Vikings
3.Trondhjems Turnforening

Í kvennflokki átti Ísland tvö lið, **kvennalið Stjörnunnar** og **Gerplu**. Kvennalið Gerplu átti fínt mót en smávægileg mistök settu strik í reikninginn og höfnuðu þær í sjötta sæti með 50,300 stig. Kvennalið Stjörnunnar átti frábært mót, sigruðu gólfæfingar, Brommagymnasterna var sterkaraliðið á stökkáhöldunum og fóru stjörnukonur því heim með silfur að þessu sinni með 54.050 stig.

**Úrslit í kvennakeppni voru eftirfarandi**
1.Brommagymnasterna
2.Stjarnan
3.GK Motus-Salto

**Karlalið Stjörnunar**, átti frábært mót og nánast hnökralausan dag. Niðurstaðan með nýju karlaliði var sjöunda sætið með 49,600 stig.

**Úrslit í karlakeppninni voru eftirfarandi:**
1.KFUM
2.Gladsaxe
3.Brommagymnasterna

Norðurlandamótið var fimleikaveisla sem lengi verður í minnum höfð ekki síst fyrir þær sakir að fimm íslensk lið tóku þátt á mótinu, til samanburðar, þá sendi Ísland þrjú lið til keppni á Norðurlandamót í hópfimleikum 2023 og fögnum við aukningu liða.



Árið 2025 var viðburðaríkt og mikilvægt ár í **áhaldafimleikunum.**

Íslenska landsliðsfólkið tók þátt í fjölmörgum alþjóðlegum verkefnum á árinu og náði góðum árangri. Keppendur unnu til verðlauna á heimsbikarmóti, Smáþjóðaleikunum, Norður- Evrópumóti og Norðurlandamóti unglinga.

Sögulegur árangur náðist þegar **Hildur Maja Guðmundsdóttir** vann fyrstu verðlaun Íslands í áhaldafimleikum kvenna á heimsbikarmóti, silfurverðlaun í gólfæfingum í Taskent, Úsbekistan, og hlaut hún í kjölfarið titilinn Fimleikakona ársins hjá FSÍ.

Á heimsmeistaramótinu í Jakarta náði **Dagur Kári Ólafsson**, Fimleikamaður ársins 2025, þeim stórkostlega árangri að verða fyrstur Íslendinga til að keppa í úrslitum í fjölþraut á heimsmeistaramóti. Sá árangur markaði tímamót fyrir íslenska áhaldafimleika og sýnir vel þá framþróun sem hefur átt sér stað í greininni. Íslensku landsliðin sóttu æfingabúðir í Kuala Lúmpúr, Malasíu í aðdraganda HM - sem skipti sköpum í undirbúningi.

Tækifæri fyrir fjölbreyttan landsliðshóp skapaðist þegar að Smáþjóðaleikarnir og EM, sem og Norður Evrópumót og HM var haldið samtímis, en reyndi þá á breiddina í íslenskum fimleikum og varð það ekki að sök þar sem árangur í öllum verkefnunum var frábær. Landsliðsfólkið okkar algjörlega brilleraði á Smáþjóðleikunum, kvennalandsliðið náði silfri í liðakeppninni, **Þóranna Sveinsdóttir** sigraði á tvíslánni, **Nanna Guðmundsdóttir** á gólfinu, **Rakel Sara Pétursdóttir** fékk silfur á stökki og **Margrét Lea Kristinsdóttir** brons á slá. **Jónas Ingi Þórisson** sigraði á gólfi og fékk brons á bogahesti og **Jón Sigurður Gunnarsson** fékk brons á hringjunum. Norður Evrópumótið var eigi síðra, **Rakel Sara Pétursdóttir** varð þriðja í fjölþraut en að auki vann hún silfur á gólfi.

Það sem stóð upp úr hjá unglingunum okkar var þegar að **Kári Pálmason** kom sá og sigraði í fjölþraut á Norðurlandamóti unglinga en að auki kom Íslenskt fimleikafólk heim með fleiri verðlaun og reynslunni ríkara.



 

**Þorgeir Ívarsson**
Landsliðsþjálfari fullorðna

**Agnes Suto**
Landsliðsþjálfari unglinga

Árið 2025 var heldur betur viðburðaríkt og framtíðin björt fyrir íslenska áhaldafimleika kvk. Draumurinn um fjölþrautarúrslit eiga enn eftir að vinnast en mörg úrslit á einstökum áhöldum á erlendum vettvangi sýnir að það er möguleiki í nánni framtíð.
Það sem stendur upp úr á árinu eru úrslit á heimsbikarmótum og þá helst sögulegt silfur Hildar Maju Guðmundsdóttur á gólfi. Einnig velgengni Íslenska landsliðsins á Smáþjóðaleikum og Norður Evrópumóti þrátt fyrir að mótin lentu á sama tíma og önnur stór verkefni.

2025 er fyrsta árið í ólympíuhringnum og setur línuna fyrir komandi Ólympíuleika 2028 og þangað er stefnan sett og áhaldafimleikar kvk standa ágætlega í þeirri vegferð.
**- Þorgeir Ívarsson, landsliðsþjálfari**

 

**Róbert Kristmannsson**
Landsliðsþjálfari fullorðna

**Hróbjartur Pálmar Hilmarsson**
Landsliðsþjálfari unglinga

Þegar ég horfi til baka á fimleikaárið 2025 finnst mér eins og ég sé að upplifa sannkallað tímamótamóment í íslenskri fimleikasögu. Það var eitthvað sérstakt í loftinu þegar við eignuðumst keppanda í fjölþrautarúrslitum á HM — augnablik sem maður gleymir aldrei. Að komast á stærsta svið heims, standa meðal allra bestu fimleikamanna í heimi og eiga þar fulltrúa, það er ekki bara árangur, það er draumur sem varð að veruleika.
Slíkur sigur gerir meira en setja okkur á kortið, þeir gefa okkur kraft og töluvert meiri trú á eigin getu, engin markmið eru of stór.
Að eignast fulltrúa í fjölþrautar úrslitum er klárlega afrek ársins en margar minni áskoranir hafa verið á árinu sem við höfum sigrast á, breiddin í hópnum er að aukast, erfiðleikinn er í heimsklassa, framkvæmdin er alltaf að verða betri og stemningin er góð og allir eru með skýra sín og vinna í átt að sama markmiði. **- Róbert Kristmannsson, landsliðsþjálfari**



**Michal Říšský**
Landsliðsþjálfari fullorðna



**Margrét Lúðvígsdóttir**
Landsliðsþjálfari fullorðna



**Kristinn Þór Guðlaugsson**
Landsliðsþjálfari fullorðna



**Yrsa Ívarsdóttir**
Landsliðsþjálfari unglinga



**Andrea Sif Pétursdóttir**
Landsliðsþjálfari unglinga



**Þórdís Þöll Þráinsdóttir**
Landsliðsþjálfari unglinga

Á árinu 2025 vann unglingateymið að þróun markmiða með lykla til hliðsjónar fyrir þjálfara og iðkendur í unglingaflokkum, í samstarfi við þjálfarateymi fullorðinna. Megin áhersla starfsins var samvinna landsliðsþjálfara fullorðinna og unglinga að mótun áherslna fyrir komandi landsliðshópa og uppbyggingu afreksstarfs unglinga. Þegar þeirri vinnu lauk gaf FSÍ út markmiðin og sendi út á öll félög. Vinnan gekk vel fyrir sig og útkoman góð.

Unglingateymið, sem samanstóð af Þórdísi, Andreu Sif og Yrsu, skipulagði eina afreksæfingu á tímabilinu. Sett voru skýr lágmörk fyrir þátttöku á æfingunni og var skráning góð og æfingin vel heppnuð. Ekkert val í úrvalshópa eða landslið fór fram á tímabilinu. Einnig fór fram markviss vinna við mótun markmiða fyrir unglingalandslið og samvinna við FSÍ um skipulag fyrir áframhaldandi vinnu fram að Evrópumóti. Samstarfið gekk vel og einkenndist af samvinnu og góðum anda
**- Úr skýrslum landsliðsþjálfara unglinga**

# UPPSKERUHÁTÍÐ

Uppskeruhátíð Fimleikasambandsins var haldin hátíðlega í desember, í Arion Banka, Borgartúni. Landsliðsfólk, þjálfarar og aðrir fimleikaunnendur áttu góðar stund saman. Fimleikafólk- og lið ársins var heiðrað og bættist við í afreksmerkja- og gullmerkja hópinn. Kristín Birna Ólafsdóttir, afreksstjóri Afreksmiðstöðvar Íslands kom og veitt verðlaun.

Viðburðaríku fimleikaári að ljúka og enn og aftur þá var nýr kafli skrifaður í bókina og tímamótaárangur ársins ótrúlegur. Vonum við að næsta ár verði jafn viðburðaríkt og bíðum við spennt eftir komandi tímum saman.

**#fyririsland**
**#fimleikarfyriralla**
**#islenskirfimleikar**



# KVENNALIÐ STJÖRNUNNAR




## LIÐ ÁRSINS

Lið ársins er Kvennalið Stjörnunnar. Kvennalið Stjörnunnar átti einstakt ár og skilaði frábærum árangri. Liðið sigraði bæði bikar- og Íslandsmót með glæsibrag og sýndi samheldni, aga og óbilandi baráttu.

Á Norðurlandamótinu bætti liðið svo við glæsilegan árangur og hafnaði í öðru sæti. Þar skein styrkur liðsins á gólfi, en liðið vann gólfæfingarnar og var stigahæst allra liða á mótinu á því áhaldi.

# DAGUR KÁRI ÓLAFSSON




## FIMLEIKAKARL ÁRSINS

Dagur Kári Ólafsson er Fimleikamaður ársins. Dagur Kári Ólafsson er ungur og metnaðarfullur landsliðsmaður í áhaldafimleikum sem hefur á undanförnum árum fest sig í sessi sem einn fremsti fimleikamaður Íslands. Í ár náði Dagur Kári þeim sögulega árangri í Jakarta, Indónesíu þegar að hann varð fyrsti íslenski fimleikamaðurinn til þess að keppa í fjölþrautarúrslitum á Heimsmeistaramóti og braut þar með blað í íslenskri fimleikasögu.

Dagur Kári var lykilmaður í landsliði Íslands á árinu, þar má helst til telja Heimsbikarmót í Króatíu og Frakklandi, Evrópumót í Þýskalandi og Heimsmeistaramót í Jakarta, Indónesíu. Dagur Kári varð Bikarmeistari með félagsliðinu sínu, Gerplu, sem og Íslandsmeistari á bogahesti og hafnaði hann í þriðja sæti í fjölþraut.

# HILDUR MAJA GUÐMUNDSDÓTTIR



## FIMLEIKAKONA ÁRSINS

Hildur Maja Guðmundsdóttir er fimleikakona ársins. Hildur Maja Guðmundsdóttir er ein fremsta fimleikakona landsins og þrátt fyrir ungan aldur þá hefur hún verið lykilkona í A landsliði Íslands síðastliðin ár. Hildur Maja náði bestum fjölþrautarárangri íslenskra kvenna á Evrópumótinu í Leipzig, sem og Heimsmeistaramótinu í Jakarta.

Toppaði hún sig svo á árinu þegar að hún varð fyrst Íslendinga til þess að vinna til verðlauna á heimsbikarmóti í áhaldafimleikum kvenna, þegar hún hafnaði í 2. sæti á gólfi í Tashkent, Uzbekistan. Að auki keppti hún til úrslita á tvíslá og hafnaði í 8. sæti.

Hildur Maja varð Bikarmeistari með félagsliði sínu, Gerplu á árinu og varð hún í 2. sæti á slá á Íslandsmótinu.

Afrek ársins 2025 er þjálfaraferill Róberts Kristmannssonar og það mikla uppbyggingarstarf sem hann hefur leitt undanfarin ár. Frá því Róbert tók við sem landsliðsþjálfari fyrir 12 árum hefur hann byggt upp öflugt lið fimleikamanna og þjálfara sem hefur brotið mörg blöð í sögu íslenskra fimleika.

Undir hans stjórn hefur karlalandslið Íslands aldrei verið jafn sterkt og vel mannað. Árangurinn hefur vaxið jafnt og þétt og í ár náðist stór áfangi þegar Dagur Kári vann sér inn úrslitasæti í fjölþraut á HM.

Viðurkenningin er bæði þakklæti fyrir þrautseigju, metnað og faglegt starf Róberts, og hvatning til áframhaldandi góðra verka. Það verður spennandi að fylgjast með liðinu halda áfram að vaxa og ná nýjum markmiðum á komandi árum.



# AFREK ÁRSINS

**Róbert Kristmannsson**

Gylfi er þjálfari kríla- og bangsafimleika hjá Íþróttafélaginu Gerplu og hefur starfað hjá félaginu frá árinu 2002. Hann er íþróttafræðingur að mennt og hefur ávallt sinnt starfi sínu af mikilli alúð, fagmennsku og metnaði.

Gylfi hefur sérhæft sig í þjálfun yngstu iðkenda félagsins og undir hans leiðsögn hefur starfið blómstrað. Hann er einstaklega vel liðinn af bæði iðkendum og foreldrum, enda mætir hann hverjum hópi af hlýju, gleði og mikilli þekkingu.

Auk þess að sinna yngstu iðkendunum hefur Gylfi einnig þjálfað unga drengi, þar sem hann leggur áherslu á verkefni við hæfi og jákvætt æfingaumhverfi. Gylfi er sannur þjálfari og frábær fyrirmynd innan fimleikahreyfingarinnar.




# ÞJÁLFARI ÁRSINS

**Gylfi Guðnason**



# GULLMERKI

**Ragnheiður Margrét Ólafsdóttir**

Ragnheiður, eða Heiða eins og hún er gjarnan kölluð, hóf fimleikaferil sinn ung að árum hjá Gerplu og hefur alla tíð verið mikil Gerplukona. Árið 2008 mætti hún á sína fyrstu GGG-æfingu og var skömmu síðar fengin í stjórn félagsins.

Heiða sat í stjórn Gerplu í 10 ár, meðal annars sem varaformaður, áður en hún tók við formennsku árið 2018. Því hlutverki gegndi hún af miklum myndarskap til ársins 2025.

Samhliða störfum sínum hjá Gerplu hefur Heiða lagt mikið af mörkum fyrir Fimleikasamband Íslands og setið í laganefnd ÍSÍ, síðast sem formaður nefndarinnar. Heiða er þekkt fyrir yfirvegun, fagmennsku og dugnað og þökkum við henni kærlega fyrir ómetanlegt framlag til íslenskra fimleika.



# LEIÐTOGI ÁRSINS

**Valgerður Thoroddsen**

Valgerður Thoroddsen, eða Vala eins og hún er gjarnan kölluð, er sannur leiðtogi innan fimleikadeildar Gróttu. Hún hóf þjálfaraferil sinn ung að árum, þegar deildin var að stíga sín fyrstu skref, og hefur síðan verið mikilvæg fyrirmynd iðkenda, foreldra og samstarfsfólks.

Vala er þekkt fyrir hlýju, jákvæðni og einstaka leiðtogahæfileika. Hún skapar góða stemningu í salnum þar sem agi, þekking og gleði fara saman, og hefur einstakt lag á að mæta hverjum iðkanda á hans eigin forsendum.

Í dag starfar Vala sem yfirþjálfari grunnhópa Gróttu og vinnur af mikilli ástríðu að því að efla fimleika á breiðum grunni. Með ómetanlegu framlagi sínu hefur hún haft jákvæð áhrif á líf, líðan og sjálfsmynd fjölda iðkenda.



# FJÖLMIÐLAVERÐLAUN

**Þórey Kristinsdóttir**

Fimleikasamband Íslands veitti Þóreyju fjölmiðlaverðlaun sambandsins á uppskeruhátíð FSÍ, í viðurkenningarskyni fyrir framúrskarandi framlag hennar til kynningar á íslenskum fimleikum.

Þórey hefur starfað sem fjölmiðlafulltrúi á mótum, bæði hérlendis og erlendis, þar sem hún hefur átt stóran þátt í að koma íslensku fimleikafólki á framfæri. Með fagmennsku og sköpunargleði hefur hún náð að miðla stemningu, árangri og sögum iðkenda á lifandi og áhrifaríkan hátt.

Framlag hennar hefur aukið sýnileika íþróttarinnar og styrkt ímynd fimleikahreyfingarinnar, bæði innanlands og á alþjóðavettvangi. Þórey er því vel að þessum heiðri komin.

# STARFSMERKI

Í fyrra var ákveðið að breyta afhendingu starfsmerkja FSÍ, en sú afhending fer nú fram í félögunum á þeirra viðburðum og hefur þessi útfærsla gefist vel enda fegurð fólgin í því að hljóta viðurkenningu með íþróttafjölskyldunni sinni.

**Þeir sem fengur afhent starfsmerki á árinu voru:**

**Lilja Árnadóttir**
**Ragnar Magnús Þorsteinsson**
**Hreggviður Símonarson**
**Þorgeir Ívarsson**
Öll úr Gerplu

# Nefndir FSÍ 2025-2026

## Tækninefnd í áhaldafimleikum karla

Sigurður Hrafn Pétursson, formaður
Daði Snær Pálsson
Hróbjartur Pálmar Hilmarsson
Valdimar Matthíasson

## Tækninefnd í áhaldafimleikum kvenna

Hlín Bjarnadóttir, formaður
Michaela Pribil
Ragna Þyrí Ragnarsdóttir
Íris Þórdís Jónsdóttir
Eva Hrund Gunnarsdóttir til febrúar 2026
Sæunn Viggósdóttir frá febrúar 2026

## Aga- og siðanefnd

Lína Ágústsdóttir, formaður
Una Emilsdóttir
Hildur Skúladóttir

## Mannvirkjanefnd

Jón Þór Ólason
Kristinn Þór Guðlaugsson
Sindri Diego

## Tækninefnd í hópfimleikum

Þórdís Þöll Þráinsdóttir, formaður
Viktor Elí Sturluson
Una Brá Jónsdóttir
Ylfa Guðmundsdóttir
Halla Steingrímsdóttir
Kristinn Már Hjaltason

## Laganefnd

Hjalti Geir Erlendsson, formaður
Magnús Heimir Jónasson
Guðrún Björk Bjarnadóttir

## Heilbrigðisnefnd

Guðjón Einar Guðmundsson
Andri Wilberg Orrason
Þórdís Ólafsdóttir
Sandra Árnadóttir
Kristín Gísladóttir
Hafrún Kristjánsdóttir
Hera Jóhannesdóttir
Ásdís Guðmundsdóttir



# SKÝRSLUR TÆKNINEFNDA

## TÆKNINEFND HÓPFIMLEIKA

Tækninefnd í hópfimleikum hafði á árinu yfirumsjón með tæknilegum og skipulagslegum þáttum greinarinnar og fylgdist náið með þróun hópfimleika á Íslandi. Megináhersla ársins var innleiðing nýs COP, þar sem nefndin tók þátt í vinnuhópi um nýjar íslenskar undanþágur og aðlögun keppnisreglna, sem tóku gildi á keppnistímabilinu 2025–2026. Samhliða því vann nefndin að mótaskrá, mótaskipulagi og dómaraplani í samstarfi við FSÍ, auk eftirlits með leyfum og afgreiðslu beiðna frá félögum.
Innlent mótahald var sambærilegt við fyrra ár, þó áskoranir hafi skapast vegna mikils fjölda liða og ákveðnar einfaldanir gerðar á haustönn. Haustmót og mótaröð 1 voru frumraun í nýjum reglum og gengu vel. Á árinu tóku fimm Íslensk lið þátt í NM fullorðinna í Finnlandi þar sem helst ber að nefna góðan árangur kvennaliðs Stjörnunnar sem hafnaði í 2 sæti. Framundan er seinni hluti keppnistímabilsins í nýjum reglum, áframhaldandi regluaðlögun ásamt þátttöku á NMJ og EM.

## TÆKNINEFND Í ÁHALDAFIMLEIKUM KARLA

Starfsemi tækninefndar karla á árinu einkenndist af öflugri menntun dómara og sögulegum árangri á alþjóðavettvangi. Nefndin hefur fundað sex sinnum á tímabilinu og hefur það blásið nýju lífi í starfið að fá Valdimar Matthíasson nýjan inn í nefndina þetta árið. Markviss vinna við nýliðun skilaði 11 dómurum í alþjóðlegt próf og auknum fjölda landsdómara. Árangur ársins náði hápunkti þegar Dagur Kári varð fyrstur Íslendinga til að tryggja sér sæti í úrslitum í fjölþraut á heimsmeistaramóti í Jakarta. Nefndin hélt áfram þróun Íslenska fimleikastigans og stefnir á gerð kennslumyndbanda fyrir þrepin til að samræma og auðvelda starf þjálfara og dómara. Innanlands voru kröfur móta uppfærðar. Framundan er þétt skipað mótatímabil þar sem áhersla verður áfram á gæði dómgæslu og stuðning við landsliðshópa í undirbúningi fyrir stórmót ársins 2026.

## TÆKNINEFND Í ÁHALDAFIMLEIKUM KVENNA

Tækninefnd kvenna í áhaldafimleikum var endurreist eftir um tvö tímabil án mönnunnar sem er bæði mikilvægt og gleðilegt þar sem nefndin á sér langa sögu í starfi og þróun íslenskra fimleika. Verkefni nefndarinnar eru fjölþætt þar sem grunnurinn er uppbygging og þróun áhaldafimleika. Í byrjun tímabilsins var áhersla lögð á menntun alþóðlegra og landsdómara sem eru nú 74 talsins. Ný útgáfa vinnuhóps íslenska Fimleikastigans var sett fram vor 2026 samhliða nýjum reglum FIG og keppt var í nú í vetur með góðum árangri. Aðilar TKV koma að mótshaldi FSÍ með ýmsum hætti og mikilvægt að hlúa að umgjörð móta fyrir alla aðila sem taka þátt. Alþjóðlegir dómarar fengu fjölmörg tækifæri til dómgæslu erlendis samhliða þátttöku landsliða sem náðu góðum og sögulegum árangri. Áframhaldandi uppbygging í áhaldafimleikum er mikilvæg hérlendis á öllum sviðum greinarinnar til að auka þátttöku sem jákvæða upplifun í íþróttum þar sem stuðlað er að heilbrigði, vellíðan og árangri þar sem allir fá að njóta sín.



# TAKK FYRIR

***Afturelding***

***Ármann***

***Björk***

***Fjölnir***

***Fylkir***

***Gerpla***

***Grótta***

***Höttur***

***ÍA***

***Keflavík***

***Rán***

***Selfoss***

***Stjarnan***

Fimleiksambandið þakkar þeim félögum sem lánuðu hús fyrir úrvalshópa, landsliðin okkar, mót og námskeið. Án ykkar væri erfitt að halda úti þessu flotta starfi fyrir fimleikafólkið okkar og þjálfara. Góða samvinna við félögin er lykillinn að góðum árangri.



# TAKK SÓLVEIG

Fimleikasamband Íslands þakkar Sólveigu Jónsdóttur innilega fyrir störf hennar sem framkvæmdastjóri sambandsins síðastliðin 10 ár, en á undan því var hún afreksstjóri sambandsins frá árinu 2012.

Á þeim tíma hefur Sólveig lagt varanlegt mark á íslenska fimleika. Með fagmennsku, eldmóði og skýrri sýn hefur hún leitt starf sambandsins áfram, styrkt innviði þess og stutt við öfluga þróun íþróttarinnar á öllum stigum.

Framlag hennar hefur haft víðtæk áhrif bæði innanlands og á alþjóðavettvangi sem skiptir miklu máli fyrir þann árangur sem íslenskir fimleikar hafa náð á undanförnum árum.

Fimleikasamband Íslands þakkar Sólveigu kærlega fyrir hennar framlag og óskar henni alls hins besta í þeim verkefnum sem framundan eru.

Fullgild rafræn undirskrift
EVA HRUND GUNNARSDÓTTIR
Kennitala: 301183-2759
2026-05-06 11:12:28 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
SIGURBJÖRG FJÖLNISDÓTTIR
Kennitala: 081275-4919
2026-05-06 11:21:02 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
MAGNÚS HEIMIR JÓNASSON
Kennitala: 120990-2769
2026-05-06 13:17:47 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
HALLDÓRA SIGRÍÐUR GUÐVARÐARDÓTTIR
Kennitala: 060880-3959
2026-05-06 13:20:19 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
ÞÓRDÍS BJÖRK SIGURBJÖRNSDÓTTIR
Kennitala: 230769-4009
2026-05-06 13:41:47 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
AXEL ÞÓR EYSTEINSSON
Kennitala: 151279-4149
2026-05-06 14:09:17 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
SÆUNN SVANHVÍT VIGGÓSDÓTTIR
Kennitala: 300780-5909
2026-05-06 15:05:24 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
BERGLIND ERNUDÓTTIR
Kennitala: 230193-3129
2026-05-06 16:12:44 GMT
Ástæða: Undirskrift

# Fimleikasamband Íslands

## Ársreikningur Samsteypu

## 2025

Fimleikasamband Íslands

Kt. 540169-2849

Engjavegi 6

104 Reykjavík

# Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Ársreikningur félagsins fyrir árið 2025 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og er hann í meginatriðum gerður eftir sömu aðferðum og árið áður.

Rekstrarafgangur ársins nam 23.414.398 kr. Heildareignir 31. desember 2025 námu 90.913.907 kr. og eigið fé á sama tíma var 87.958.983 kr.

Stjórn félagsins leggur til að hagnaður verði færður til hækkunar á eigin fé félagsins.

Stjórn félagsins og framkvæmdastjóri Fimleikasamband Íslands, staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2025 með undirritun sinni.

Reykjavík 5. maí 2026,

Stjórn og Framkvæmdastjóri,

| | |
|---|---|
| Sigurbjörg Fjölnisdóttir | Eva Hrund Gunnarsdóttir |
| Formaður | Framkvæmdastjóri |
| Hallóra Guðvarðardóttir | Berglind Ernudóttir |
| Varaformaður | Ritari |
| Axel Þór Eysteinsson | Magnús Heimir Jónason |
| Meðstjórnandi | Meðstjórnandi |

Þórdís Björk Sigurbjörnsdóttir

Meðstjórnandi

# Áritun óháðs skoðunarmanns

Til stjórnar Fimleikasambands Íslands.

Ég hef yfirfarið ársreikningana fyrir árið 2025. Yfirferð mín fólst í almennri athugun á framsetningu, samræmi milli liða og rökstuðningi fyrir helstu fjárhæðum, en fól ekki í sér endurskoðun í skilningi laga um endurskoðendur. Einnig fletti ég upp nokkrum fylgiskjölum til staðfestingar.

## Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

## Álit

Við yfirferðina komu ekki fram atriði sem benda til þess að ársreikningurinn sé ekki, í öllum meginatriðum, í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju.

Það skal þó tekið fram að skoðunin byggir á þeim gögnum og upplýsingum sem mér voru afhentar, og er ábyrgð á innihaldi ársreikningsins hjá stjórn og framkvæmdastjórn félagsins.

Reykjavík, 5. maí 2026

3 skref,

Ingibj. Þorsteinsd.

Ingibjörg Þorsteinsdóttir

# Áritun skoðunarmanna

Til stjórnar Fimleikasambands Íslands.

Við höfum yfirfarið ársreikning fyrir Fimleikasamband Íslands árið 2025. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og skýringar.

## Álit

Það er álit okkar að áreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Fimleikasambandsins á árinu 2025, efnahag félagsins 31. Desember 2025 og breytingu á handbæru fé á árinu 2025, og teljum ekki ástæða til athugasemda.

Reykjavík 5. maí 2026

Sæunn S. Viggósdóttir                                        Hafsteinn Þórðarson

# Rekstrarreikningur ársins 2025

| | Skýr. | Raun 2025 | Áætlun 2025 | Raun 2024 |
|---|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur:** | | | | |
| Styrkir og framlög | 1 | 120.302.414 | 113.529.808 | 101.370.782 |
| Innlend mót og sýningar | 2 | 51.244.330 | 54.418.543 | 49.877.200 |
| Alþjóðleg mót og sýningar | 3 | 38.258.257 | 55.320.000 | 133.799.700 |
| Námskeið og fræðsluefni | 4 | 32.435.000 | 24.178.770 | 21.359.833 |
| Leyfiskerfi | 5 | 27.442.600 | 27.497.910 | 24.815.275 |
| Aðrar tekjur | 6 | 717.443 | 1.559.189 | 1.583.304 |
| Fimleika Events | | 0 | 2.000.000 | 3.324.159 |
| **Rekstrartekjur samtals** | | 270.400.044 | 278.504.220 | 336.130.253 |
| | | | | |
| **Rekstrargjöld** | | | | |
| Rekstrargjöld | 7 | 97.948.424 | 89.993.009 | 83.156.772 |
| Innlend mót og sýningar | 8 | 37.216.811 | 41.009.612 | 38.412.193 |
| Alþjóðleg mót og sýningar | 9 | 93.879.227 | 111.759.199 | 207.485.630 |
| Námskeið og fræðsluefni | 10 | 21.834.042 | 16.620.000 | 16.612.146 |
| Leyfiskerfi | | 0 | 0 | 0 |
| Önnur gjöld | | 38.388 | 0 | 0 |
| Afskriftir | | 0 | 0 | 0 |
| Fimleika Events | | 137.400 | 2.000.000 | 5.160.457 |
| **Rekstrargjöld samtals** | | 251.054.292 | 261.381.820 | 350.827.198 |
| | | | | |
| Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði | | 19.345.752 | 17.122.400 | (14.696.945) |
| | | | | |
| **Fjáreignatekjur og (fjármagnsgjöld)** | | | | |
| Vaxtatekjur | | 4.077.238 | 3.287.161 | 4.490.426 |
| Vaxtagjöld og bankakostnaður | | 41.955 | (735.483) | (693.657) |
| Gengismunur | | (29.147) | 100.000 | (519.860) |
| **Hreinar fjármunatekjur** | | 4.090.046 | 2.651.678 | 3.276.909 |
| | | | | |
| **Skattar ársins** | | | | |
| Útvarpsgjald | | (21.400) | - | - |
| Tekjuskattur | | - | - | - |
| **Hagnaður (tap) ársins** | | 23.414.398 | 19.774.078 | (11.420.036) |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2025

| | Skýr. | 31.12.2025 | 31.12.2024 | 31.12.2023 |
|---|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | | |
| **Varanlegir rekstrarfjármunir:** | | | | |
| Skrifstofuáhöld og tæki | | 0 | 0 | 0 |
| | | | | |
| **Veltufjármunir** | | | | |
| Birgðir | | 153.963 | 153.963 | 3.166.839 |
| Viðskiptakröfur | | 6.474.617 | 4.073.118 | 7.623.562 |
| Aðildarfélög | | 16.186.020 | 7.516.522 | 8.008.899 |
| Dótturfélag | | 14.153.790 | 14.153.790 | |
| Aðrar skammtímakröfur | | 7.155 | 0 | 0 |
| Minningasjóður Áslaugar | | 543.475 | 517.236 | 496.186 |
| Greiðslukort | | 0 | 0 | 0 |
| Afrekssjóður | | 2.360.514 | 2.243.147 | 2.102.621 |
| Handbært fé | | 65.188.163 | 44.400.373 | 60.990.204 |
| **Veltufjármunir samtals** | | 105.067.697 | 73.058.149 | 82.388.311 |
| | | | | |
| **Eignir samtals** | | 105.067.697 | 73.058.149 | 82.388.311 |
| | | | | |
| **Eigið fé og skuldir** | | | | |
| | | | | |
| Hlutafé | | 500.000 | 500.000 | 500.000 |
| Óráðstafað eigið fé | | 87.458.983 | 64.044.585 | 75.464.621 |
| **Eigið fé samtals** | | 87.958.983 | 64.544.585 | 75.964.621 |
| **Langtímaskuldir samtals** | | 0 | 0 | 0 |
| | | | | |
| **Skammtímaskuldir:** | | | | |
| Viðskiptaskuldir | | 15.753.169 | 7.725.203 | 640.476 |
| Greiðslujöfnun - Aðildarfélög | | (1.245.000) | (20.000) | 0 |
| Ógreiddur kostnaður | | (30.047) | 0 | 0 |
| Ogr. launatengd gjöld | | 1.579.387 | 384.798 | 2.982.957 |
| Ógreidd opinber gjöld | | (27.270) | 0 | 0 |
| Ógreiddur virðisaukaskattur | | 1.586 | (129.153) | 1.337.338 |
| Greiðslukort | | 1.076.889 | 552.716 | 1.462.919 |
| **Skammtímaskuldir samtals** | | 17.108.714 | 8.513.564 | 6.423.690 |
| | | | | |
| Skuldir alls | | 17.108.714 | 8.513.564 | 6.423.690 |
| | | | | |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 105.067.697 | 73.058.149 | 82.388.311 |

# Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2025

| | Skýr. | 2025 | 2024 | 2023 |
|---|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | | |
| Hagnaður (tap) ársins | | 19.774.078 | (11.420.036) | 7.310.729 |
| Rekstrarliði sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi | | | | |
| Afskriftir | | 0 | 0 | 0 |
| **Veltufé frá rekstri** | | 19.774.078 | (11.420.036) | 7.310.729 |
| Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda: | | | | |
| Skammtímakröfur, (hækkun) lækkun | | (6.474.491) | 8.388.589 | 41.073.536 |
| Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun) | | (3.505.897) | 2.089.874 | 6.423.690 |
| **Breyting rekstrartengdra eigna og skulda** | | (2.968.594) | 6.298.715 | 34.649.846 |
| **Handbært fé frá rekstri** | | 16.805.484 | (5.121.321) | 41.960.575 |
| **Aðrar hreyfingar:** | | | | |
| Leiðrétting viðskiptamanna | | 0 | 0 | 0 |
| **Aðrar hreyfingar samtals** | | 0 | 0 | 0 |
| Breyting handbærs fjár á árinu | | 16.805.484 | (5.121.321) | 41.960.575 |
| Handbært fé í ársbyrjun | | 67.099.760 | 72.221.081 | 30.260.506 |
| **Handbært fé í árslok** | | 83.905.244 | 67.099.760 | 72.221.081 |

# Skýringar

Grundvöllur reikningsskilanna

1. Ársreikningur félagsins er gerður í samræmi við lög um ársreikninga nr. 3/2006 og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga nr. 696/1996. Ársreikningurinn byggir á reglum um kostnaðarverðsreikningsskil og er í meginatriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Reikningsskilaaðferðir

Innlausn tekna

2. Rekstrartekjur sem að mestu leyti eru vegna framlaga,styrkja,móta og leyfiskerfis, eru færðar í rekstrarreikning þegar unnið er til þeirra. Vaxtatekjur eru færðar til tekna í samræmi við höfuðstól og skilmála vaxtaberandi krafna.

Lotun gjalda

3. Útgjöld eru færð í ársreikninginn þegar til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast. Vaxtagjöld eru færð til gjalda í samræmi við höfuðstól og skilmála vaxtaberandi skulda.

Erlendar eignir og skuldir

4. Eignir og skuldir sem bundnar eru gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar í ársreikninginn miðað við árslokagengi. Eignir eru færðar á kaupgengi Seðlabanka Íslands en skuldir á sölugengi.

Varanlegir rekstrarfjármunir

5. Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum.

Viðskiptakröfur

6. Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði.

Handbært fé

7. Sjóður og bankainnstæður sem bundnar eru til skemmri tíma en þriggja mánaða teljast til handbærs fjár.

Aðrar skýringar

Skipting launakostnaðar

8. Skipting launa starfsmanna Fimleikasambands Íslands er skipt upp í fjögur svið sem eru, stjórnunarsvið, mótasvið, afrekssvið og fræðslusvið.

## Sundurliðanir

### 1. Styrkir og framlög

| | Raun 2025 | Áætlun 2025 | Raun 2024 |
|---|---|---|---|
| Ríkisstyrkur ÍSÍ | 4.362.835 | 4.362.835 | 4.443.477 |
| Útbreiðslustyrkur ÍSÍ | 7.471.294 | 3.774.910 | 6.435.036 |
| Afrekssjóður ÍSÍ | 73.669.532 | 74.746.063 | 49.532.000 |
| Lottó | 31.067.749 | 27.000.000 | 27.464.747 |
| Ólympíusamhjálp, YOG/OG ofl. | 437.004 | - | 992.052 |
| Samstarfsaðilar | 3.200.000 | 3.550.000 | 6.683.470 |
| Fimleikasjóður | 94.000 | 96.000 | 95.000 |
| Aðrar tekjur | - | - | 5.725.000 |
| **Styrkir og framlög samtals** | 120.302.414 | 113.529.808 | 101.370.782 |

### 2. Innlend mót og sýningar

| | Raun 2025 | Áætlun 2025 | Raun 2024 |
|---|---|---|---|
| FSÍ Mót | 20.383.100 | 20.750.760 | 18.466.700 |
| Dómaragjöld | 12.456.230 | 13.307.783 | 11.806.500 |
| Framlag aðildarfélaga | 18.375.000 | 20.000.000 | 19.544.000 |
| Aðrar tekjur | 30.000 | 360.000 | 60.000 |
| **Innlend mót og sýningar samtals** | 51.244.330 | 54.418.543 | 49.877.200 |

### 3. Alþjóðleg mót og sýningar

| | Raun 2025 | Áætlun 2025 | Raun 2024 |
|---|---|---|---|
| Áhaldafimleikar | 11.172.442 | 10.220.000 | 11.953.492 |
| Hópfimleikar | 12.630.815 | 11.100.000 | 21.002.519 |
| Fimleikar fyrir alla | - | - | 5.597.800 |
| Framlag aðildarfélaga | 14.455.000 | 34.000.000 | 92.750.000 |
| Aðrar tekjur | - | - | 2.495.889 |
| **Alþjóðleg mót og sýningar samtals** | 38.258.257 | 55.320.000 | 133.799.700 |

### 4. Námskeið og fræðsluefni

| | Raun 2025 | Áætlun 2025 | Raun 2024 |
|---|---|---|---|
| Þjálfaranámskeið | 13.142.000 | 6.420.000 | 9.188.333 |
| Dómanámskeið | 4.885.000 | 6.210.000 | 400.000 |
| Önnur námskeið | 422.000 | 678.770 | 659.000 |
| Framlag aðildarfélaga | 13.986.000 | 10.870.000 | 10.870.000 |
| Aðrar tekjur | - | - | 242.500 |
| **Námskeið og fræðsluefni samtals** | 32.435.000 | 24.178.770 | 21.359.833 |

# Sundurliðanir

**5. Leyfiskerfi**

| | Raun 2025 | Áætlun 2025 | Raun 2024 |
|---|---|---|---|
| Kopar leyfi | 12.005.700 | 10.986.598 | 9.737.200 |
| Brons leyfi | 2.679.650 | 3.587.284 | 3.254.550 |
| Silfur leyfi | 9.590.000 | 9.847.058 | 8.944.950 |
| Gull leyfi | 2.242.800 | 2.153.576 | 1.909.950 |
| Þjálfaraleyfi | 924.450 | 923.395 | 842.250 |
| Aðrar tekjur | - | - | 126.375 |
| **Leyfiskerfi samtals** | 27.442.600 | 27.497.911 | 24.815.275 |

**6. Aðrar tekjur**

| | Raun 2025 | Áætlun 2025 | Raun 2024 |
|---|---|---|---|
| Félagaskipti | 85.000 | 100.000 | 70.000 |
| Aðrar tekjur | 573.993 | 900.000 | 1.054.394 |
| Aðrar tekjur erlendar | 58.450 | 559.189 | 458.910 |
| **Aðrar tekjur samtals** | 717.443 | 1.559.189 | 1.583.304 |

**7. Rekstrargjöld**

| | Raun 2025 | Áætlun 2025 | Raun 2024 |
|---|---|---|---|
| Laun og launatengd gjöld | 87.046.329 | 80.275.134 | 73.620.629 |
| Hugbúnaðarkostnaður | 3.157.051 | 2.200.000 | 2.290.104 |
| Markaðsstarf | - | - | 54.319 |
| Prentun og ritföng | 10.959 | 25.000 | 43.921 |
| Símakostnaður | 306.228 | 500.000 | 479.949 |
| Internetkostnaður | 738.748 | 500.000 | 601.760 |
| Ferðakostnaður FFA-UEG-FIG-Skrifstofa | 98.870 | - | - |
| Bókhaldskostnaður/ráðgjöf | 1.050.828 | 200.000 | 279.405 |
| Menntun starfsfólks | 4.000 | 50.000 | 14.000 |
| Gjafir | 656.142 | 600.000 | 624.940 |
| Uppskeruhátíð | 191.829 | 605.000 | 925.137 |
| Þing | 41.179 | 550.000 | 320.000 |
| Fundarkostnaður | 539.547 | 550.000 | 264.496 |
| Tölvur og tæki | 872.563 | 100.000 | 62.414 |
| Húsaleiga | 2.588.802 | 3.383.991 | 2.949.628 |
| Tryggingar | 307.429 | 203.884 | 197.571 |
| Annar kostnaður | 337.920 | 250.000 | 428.499 |
| **Rekstrargjöld samtals** | 97.948.424 | 89.993.009 | 83.156.772 |
| Laun og launatengd gjöld FSÍ | 87.046.329 | 80.275.134 | 73.620.629 |
| Laun - önnur svið en stjórnunarsvið | (49.740.759) | (52.874.188) | (50.118.659) |
| **Laun stjórnunarsviðs samtals** | 37.305.570 | 27.400.946 | 23.501.970 |

**8. Innlend mót og sýningar**

| | Raun 2025 | Áætlun 2025 | Raun 2024 |
|---|---|---|---|
| Dómarakostnaður | 11.334.700 | 12.125.057 | 11.027.500 |
| Hlutur félaga í mótagjöldum | 4.522.837 | 5.118.035 | 4.431.320 |
| Afsláttur mótshaldara af mótagj. | 1.578.319 | 1.079.520 | 1.074.665 |
| Verðlaun | 1.543.250 | 1.317.000 | 1.350.162 |
| Annar mótakostnaður | 739.625 | 800.000 | 428.918 |
| Húsaleiga | 17.170.000 | 20.000.000 | 19.544.000 |
| Tölvukostnaður | 310.850 | 550.000 | 555.628 |
| Ritföng/prentun | 17.230 | 0 | - |
| Flutningskostnaður | | 20.000 | - |
| **Innlend mót og sýningar samtals** | 37.216.811 | 41.009.612 | 38.412.193 |
| Skipting launa vegna mótahalds | 8.082.873 | 10.740.069 | 10.759.938 |
| **Innlend mót og sýningar - skipting** | 45.299.684 | 51.749.681 | 49.172.131 |

**9. Alþjóðleg mót og sýningar**

| | Raun 2025 | Áætlun 2025 | Raun 2024 |
|---|---|---|---|
| Þátttökugjöld | 16.185.072 | 5.360.000 | 4.550.855 |
| Flug | 18.346.067 | 19.700.000 | 31.030.408 |
| Hótel | 8.168.790 | 16.395.000 | 24.025.163 |
| Búningakostnaður | 1.664.756 | 1.250.000 | 7.280.572 |
| Sjúkrakostnaður | 296.259 | 0 | 67.407 |
| Ferðakostnaður | 2.333.055 | 2.540.000 | 2.901.764 |
| Matur | 3.622.977 | 4.470.000 | 7.837.515 |
| Tryggingakostnaður | 946.769 | 1.040.000 | 1.204.014 |
| Laun landsliðsþjálfara | 8.048.804 | 9.170.000 | 14.363.000 |
| Hæfileikamótun | 2.270.064 | 5.450.000 | 3.155.074 |
| Fagteymi | 13.198.194 | 7.234.199 | 11.447.481 |
| Styrkir | 3.663.816 | 5.000.000 | 4.977.449 |
| Aðstaða | 14.455.000 | 34.000.000 | 92.750.000 |
| Annar kostnaður | 679.604 | 150.000 | 1.894.928 |
| **Alþjóðleg mót og sýningar samtals** | 93.879.227 | 111.759.199 | 207.485.630 |
| Laun vegna alþjóðlegra móta og sýninga | 26.113.899 | 27.125.560 | 26.475.111 |
| Laun vegna fagteymis | 6.839.354 | 5.370.035 | 2.831.562 |
| **Alþjóðleg mót og sýningar - skipting** | 126.832.480 | 144.254.794 | 236.792.303 |

## Sundurliðanir

### 10. Námskeið og fræðsluefni

| | Raun 2025 | Áætlun 2025 | Raun 2024 |
|---|---|---|---|
| Húsaleiga | 14.066.000 | 10.870.000 | 10.870.000 |
| Matur | 145.206 | 150.000 | 136.058 |
| Tækjaleiga/hugbúnaður | 41.912 | 900.000 | 920.700 |
| Ferðakostnaður | 297.071 | 250.000 | 247.054 |
| Prentun | - | - | - |
| Kennsla | 7.283.853 | 2.950.000 | 2.723.868 |
| Málþing | - | - | 896.029 |
| Námsefnisgerð | - | 1.500.000 | 818.437 |
| Annar kostnaður | - | - | - |
| **Námskeið og fræðsluefni samtals** | 21.834.042 | 16.620.000 | 16.612.146 |
| Laun vegna fræðslusviðs | 8.704.633 | 9.638.524 | 10.052.048 |
| **Námskeið og fræðsluefni - skipting** | 30.538.675 | 26.258.524 | 26.664.194 |

### 11. Launagreiðslur

| | Raun 2025 | Áætlun 2025 | Raun 2024 |
|---|---|---|---|
| Fært á stjórnunarsvið | 37.305.570 | 27.400.946 | 23.501.970 |
| Fært á mótasvið | 8.082.873 | 10.740.069 | 10.759.938 |
| Fært á afrekssvið | 32.953.253 | 32.495.595 | 29.306.673 |
| Fært á fræðslusvið | 8.704.633 | 9.638.524 | 10.052.048 |
| **Heildarlaunagreiðslur** | 87.046.329 | 80.275.134 | 73.620.629 |



Fimleikasamband
Íslands